

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 6. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. (559.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér sameiningu úrskurðar- og kærunefnda á sviði húsnæðismála.*

Viðskiptaráð tekur undir hugmyndir eins og þær sem frumvarpið felur í sér um hagræðingu á stjórnsýslusviði. Eins og ráðið hefur bent á í skrifum sínum þá er mikillar hagræðingar þörf í íslenski stjórnsýslu og hefur líklega aldrei verið brýnna að ráðast í slíkt en núna. Ráðið telur að svigrúm sé til sparnaðar hjá ríkissjóði án þess þó að það bitni á þjónustuframboði hins opinbera, frumvarp þetta er gott dæmi um slíkt.

Með frumvarpi þessu er kærú- og úrskurðarnefndum á sviði húsnæðismála fækkað úr fimm í tvær, kærunefnd húsamála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim reglum sem gilda um kæruehimildir og málsmeðferð fyrir umræddum nefndum, er því ekki um skerðingu að ræða á rétti þeirra sem málsaðild eiga að málum fyrir nefndunum. Fækkun verður á nefndarmönnum í heild með sameiningu nefnda og skilar það sér í sparnaði í útgjöldum ríkissjóðs.

Viðskiptaráð gerir þó athugasemd við að felld verði niður gjald sem gildi um kærur til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Ráðið leggur til að nefndin skoði hvort ekki megi setja hóflegt gjald vegna kærur til ofangreindra nefnda og þannig standa straum af hluta af þeim kostnaði sem skapast af starfrækslu slíkra kærú- og úrskurðarnefnda.

***Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga***

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands